

83 gögnum í poka þann, sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari 16. ágúst kjördag, opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans, kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði, má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu, þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XII. kafla laga nr. 80 7. sept. 1942, eftir því sem við á.

Ef öll kjörstjórnin er sammála og allir frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra, sem mættir eru, samþykkja, má kjörstjórn, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, ákveða, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé kjörbókin undirrituð af frambjóðendum og umboðsmönnum, sem samþykkt hafa. Hafi 80% eða fleiri af kjósendum í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkvæmt 85. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Hinn fyrri kjördag skal setja kjörfund kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag kl. 12 á hádegi.

Nú hefur veður hamlað kjörsókn og geta þá einn eða fleiri úr undirkjörstjórn við lok kjörfundar síðari kjördaginn, óskað að kjördagar verði þrír. Skal þá kosningu haldið áfram í þeirri kjördeild næsta dag eftir síðari kjördaginn.

Gilda þá ákvæði greinar þessarar um annan kjördag einnig um þriðja kjördaginn.

Við kosningar þessar skal hvergi á landinu hefja talningu atkvæða, fyrr en kosningu er alls staðar lokið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. ágúst 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

84

12. ágúst

FORSETA BRÉF

um þingrof.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur í dag borið upp fyrir mér tillögu um, að Alþingi verði rofið. Ég hef fallizt á tillöguna, og er Alþingi hér með rofið frá 23. október 1949 að telja.

Gjört í Reykjavík, 12. ágúst 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.